

Ed.

807. Frumvarp til laga

[340. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. mars.)

Samhljóða þskj. 594 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Launamaður samkvæmt lögum þessum telst:

1. Maður sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Enn fremur sá sem nýtur eftirlauna eða lífeyris.
2. Maður sem skal reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Enn fremur maki hans eða barn, inni þau af hendi starf fyrir hann við atvinnureksturinn eða starfsemina.
3. Maður sem fær greiddar tryggingabætur, styrki og hvers konar skaðabætur og váttryggingabætur.
4. Maður sem nýtur greiðslna samkvæmt höfundarétti.
5. Maður sem nýtur verðlauna eða heiðurslauna eða hlýtur skattskyldan vinning í happdrætti, veðmáli eða keppni.
6. Aðili sem ber takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og nýtur tekna sem um getur í 6. tölul. 5. gr.

15. gr. hljóðar svo:

Þegar ákvörðun launa launamanns fyrir hvert greiðslutímabil, að meðtöldu orlofsfé, er lokið ber launagreiðanda hans að bæta við laun launamannsins skattskyldum hlunnindum eftir mati ríkisskattstjóra, sbr. 116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Af þannig ákvörðuðum launum greiðslutímabilsins ber launagreiðanda að reikna staðgreiðslu hans vegna greiðslutímabilsins að teknu tilliti til persónuafsláttar, sbr. 3. mgr. 11. gr. Staðgreiðsla skal dregin af launum launamanns og greidd inn á reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum 20. gr.

Afhendi launamaður ekki launagreiðanda skattkort sitt skal við ákvörðun staðgreiðslu ekki tekið tillit til persónuafsláttar, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

17. gr. hljóðar svo:

Ef launamaður nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluári ber launagreiðanda að halda eftir af launum, sbr. 5. gr., fjárhæð sem ákveðst tiltekinn hundraðshluti launa, sbr. 65. gr. og 2.

mgr. 67. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 2. mgr. 25. gr. laga um tekjustotna sveitarfélaga, án þess að frá dragist persónuafsláttur, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

29. gr. hljóðar svo:

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt þessum kafla skulu innheimtumenn ríkissjóðs innheimta eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, í því umdæmi þar sem skuldari þeirra er heimilisfastur.

Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Skilafé og álag skv. 28. gr. skal vera forgangskrafa í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 28. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá því er honum barst tilkynning frá skattyfirvaldi um vanskil og álag, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Innheimtuaðili skal senda fé, er hann hefur móttakið samkvæmt ákvæðum þessa kafla, til innleggs á sérstakan reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga hjá innlánsstofnunum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 20. gr., innan tveggja virkra daga frá móttökudegi. Skilagrein um innheimtu skal senda innan sömu tímamarka til skattstjóra.

32. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra reglur um uppgjör, skil og skiptingu bráðabirgðagreiðslu opinberra gjalda samkvæmt lögum þessum.

Sveitarfélög skulu greiða ríkissjóði 0,5% af innheimtu útsvari samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar ríkissjóðs við framkvæmd þeirra.